



Reykjavík, 7. september 2021
R21020102
D-251
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Þverholt 13 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 2. september 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. ágúst 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 25. ágúst 2021 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Einholts-Þverholts vegna lóðarinnar nr. 13 við Þverholt, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þverholt 13 – deiliskipulag: Fulltrúi Flokks fólksins hefur samúð með fólki sem telur sig hafa keypt húsnæði með einhverju ákveðnu útsýni en næsta sem gerist er að byggt er þannig við hlið þess að útsýni er ýmist skert eða hverfur alveg. Í sumum þessara mála er um hrein svik að ræða því fólki hefur verið sagt að ekki verði byggt þannig að útsýni þeirra verði skert. Í mörgum tilfellum hefur fólk jafnvel fjárfest í eigninni mikið til vegna útsýnis eða sólarlags nema hvort tveggja sé.



Bjarni Þóroddsson
e.u.